

L Ö G

um sjúkrahús o. fl.

30

19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarendi heilbrigðisstofnanir, nema með leyfi ráðherra.

Sama gildir um breytingar á húsakynnum og starfrækslu slíkra stofnana, enda skipti breytingarnar einhverju máli.

2. gr.

Beiðni til ráðherra um leyfi samkvæmt 1. grein skulu fylgja upplýsingar um verkvið stofnunarinnar og hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og löndum og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingum á húsakynnum, innanstokksmunum og áhöldum, ennfremur greinargerð um eigendur stofnunarinnar og fjárhagsástæður hennar og loks skýrsla eða áætlun um stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag, hversu mörgum sjúklingum eða vistmönnum henni er ætlað að taka á móti og með hverjum kjörum o. s. frv.

Ráðherra veitir ekki leyfið, nema stofnunin verði talin fullnægja heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún leysi á viðunandi hátt þau verkefni, sem henni er gert að leysa, enda leiði hún ekki til óheilbrigðrar samkeppni við tilsvarendi opinberar stofnanir á sama stað eða í grennd.

Leita skal staðfestingar ráðherra á reglugerðum um starfrækslu sjúkrahúsa og annara stofnana, sem um getur í lögum þessum, og getur ráðherra krafizt, þegar honum þykir ástæða til, að slíkar reglugerðir séu settar.

3. gr.

Heilbrigðisyfirvöld skulu jafnan eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum þeim, sem um getur í lögum þessum.

4. gr.

Við hvert sjúkrahús eða stofnun, sem tekur sjúklinga til dvalar og lækninga, skal vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir.

30
19. júní Sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir annast að jafnaði öll læknisstörf eða hefir yfirumsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið. Hann hefir lækniseftirlit með rekstri sjúkrahússins, er til andsvara heilbrigðisyfirvöldum, stendur skil á skýrslum þeim, sem af sjúkrahúsinu kunna að verða heimtaðar, o. s. frv.

Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, má sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

Nú er heimilað, að fleiri en einn læknir starfi sjálfstætt við eitt og sama sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, og skal þá engu síður vera sérstakur yfirlæknir við sjúkrahúsið eða deildina, og eins þó að sjúkrahúsið eða deildin sé opin fyrir alla lækna.

5. gr.

Héraðslæknar skulu teljast hæfir til að vera sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli, hver innan síns héraðs, enda séu þau sjúkrahús eða sjúkraskýli við hæfi héraðanna og taki ekki yfir 20 sjúklinga.

Að öðrum sjúkrahúsum eða stærri má ekki ráða sjúkrahúslækni eða yfirlækni, nema að fenginni viðurkenningu ráðherra fyrir því, að hann sé til þess hæfur.

Í reglugerð, sem læknadeild háskólans semur og ráðherra staðfestir, má setja reglur um þær kröfur, sem gera ber til lækna til þess að þeir eigi rétt á að teljast hæfir sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við sjúkrahús og sjúkrahúsdeildir.

6. gr.

Nú hefir sveitar- (bæjar- eða sýslu-) stjórn eða stjórnir innan læknishéraðs samþykkt að stofna eða starfrækja fyrir læknishéraðið sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, eða að taka þátt í stofnun eða starfrækslu sjúkrahúss eða sjúkraskýlis með sveitarfélögum annars héraðs eða héraða, einstökum mönnum eða félögum, en samþykki annara sveitarstjórna innan læknishéraðsins ekki náðst, og getur þá ráðherra gert samþykktina skuldbindandi fyrir öll sveitarfélög læknishéraðsins, ef meiri hluti héraðsbúa er innan þeirra sveitarfélaga, sem að samþykktinni standa.

Ráðherra getur þó leyst einstök sveitarfélög eða hluta sveitarfélaga undan þáttökunni, ef þau teljast ekki geta haft veruleg not fyrirtækisins eða eiga hægara með að hafa not annarar tilsvarendi stofnunar, enda taki þau þátt í starfrækslu hennar.

7. gr.

Þegar samþykkt hefir verið, að sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félög reisi eða starfræki eða taki þátt í að reisa eða starfrækja, beinlínis eða með einhverskonar styrkveitingum eða hlunnindum, sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, skulu sveitarfélögin og þeir aðrir, er að fyrirtækinu standa, gera samning um þáttökuna, hluttöku í stofnkostnaði og rekstri, hvernig eign og ábyrgð skiptist á milli aðila, hvernig fyrirtækinu skuli stjórnað og það annað, er fyrirtækið varðar.

Rétt er að miða þátttöku sveitarfélaganna í kostnaðinum við hlutfallslegan 30
fólksfjölda þeirra, aðstöðu til að hafa not af stofnuninni, og þegar um læknis- 19. júní
bústað er að ræða, kostnað við læknisvitjanir úr hinum einstöku sveitum.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á samningum þeim, sem hér um ræðir. Ef ágreiningur er á milli sveitarfélaga um einstök atriði, sker ráðherra úr.

8. gr.

Nú vilja eigendur eða forráðamenn sjúkrahúsa, sjúkraskýlis, læknisbústaðar eða annarar heilbrigðisstofnunar, sem um getur í lögum þessum og reist hefir verið með styrk úr ríkissjóði, hætta að starfrækja hana, og skulu þeir þá tilkynna það ráðherra, sem getur krafizt endurgreiðslu á ríkissjóðsstyrknunum, ef stofnunin er lögð niður eða þeirri starfrækslu hætt, sem hún var upphaflega ætluð til. Á ríkissjóður þá kröfu til jafnmikils hluta af þáverandi verðmæti eignarinnar sem ríkissjóðsstyrkurinn telst hafa verið af kostnaðarverði hennar, og hvílir veð á eigninni næst á eftir áður áhvilandi veðkröfum fyrir kröfuupphæðinni.

Nú hefir ríkissjóður lagt fram fé til þess að reisa heilbrigðisstofnun, sem lög þessi ná til, og má þá ekki, án samþykkis ráðherra, veðsetja hana fyrir öðrum skuldum en þeim, sem stafa af stofnkostnaði hennar, viðaukum eða endurbótum.

9. gr.

Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, sem um getur í lögum þessum og ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir sameiginlegri yfirstjórn fimm manna nefndar, er ráðherra skipar. Það er verkefni nefndarinnar að skipuleggja rekstur þessara stofnana og samræma hann þeim til hagsbóta, koma á samvinnu á milli þeirra, eftir því sem hagkvæmt þykir, láta þær koma fram sem eina heild við samninga um vörukaup og annað o. s. frv. Að öðru leyti ákveður ráðherra verksvið nefndarinnar.

10. gr.

Sjúkrahús, sjúkraskýli, læknisbústaðir og aðrar stofnanir, sem um getur í lögum þessum og eru í eigu sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga eða starfrækt af þeim, þegar lög þessi ganga í gildi, eru undanþegin því að sækja um leyfi til starfrækslunnar samkvæmt fyrri málsgrein 1. greinar þessara laga.

Nú vilja slíkir opinberir eigendur eða þátttakendur í starfrækslu sjúkrahúss, sjúkraskýlis eða læknisbústaðar koma betra skipulagi á sameignina eða hinn sameiginlega rekstur með því að komast undir ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga, og getur þá ráðherra gert það heimilt, ef fyrir liggja tilsvarendi samþykktir um það og 6. gr. mælir fyrir um, þegar um nýjar stofnanir eða starfrækslu er að ræða. Ekki má þó gegn vilja sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga úrskurða þau þannig eftir á til að taka á sig kvaðir vegna eignarhlutdeildar í sjúkrahúsum, sjúkraskýlum eða læknisbústöðum, er fari fram úr sannvirði þess eignarhluta, er þá fellur til þeirra, að mati dómkvaddra manna.

30

19. júní

11 gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 10 þús. kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

31

19. júní

L Ö G

um einkaleyfi til að flytja út og selja á erlendan markað nýja tegund af saltfiski.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1938 veitist Sveini Árnasyni, yfirfiskimatsmanni á Seyðisfirði, einkaleyfi til þess að flytja út og selja á erlendum markaði saltfiskstegund, er hann nefnir „Magna“ og verkuð er með sérstakri aðferð, sem hann hefir tekið upp og endurbætt. Saltfiskur þessi líkist að verkun, útliti og eðli vörunnar saltfiskstegund þeirri, sem í hinum ýmsu stöðum í Miðjarðarhafslöndunum er nefnd ýmsum nöfnum, svo sem „shorefish“, „bankfish“, „Gaspe“, „Newfoundlandfish“ og „Bacalao Ingles“, eftir stærð, uppruna eða markaðslandi.

2. gr.

Heimilt er leyfishafa að framselja einkaleyfið, að meira eða minna leyti, sameignarfélagi eða hlutafélagi, sem hann sjálfur er þátttakandi í og veitir forstöðu. Gengur sá félagsskapur þá inn í réttindi og skyldur leyfishafa samkvæmt þessum lögum.

3. gr.

Fisk þann, er einkaleyfishafi flytur út samkvæmt heimild laga þessara, getur atvinnumálaráðherra undanþegið ákvæðum laga nr. 46 8. sept. 1931, um